

---

## Stjórnarfundur 3.mars 2021 kl. 19:30 á Kaffi 59

**Fundur settur:** Garðar setur fund, mættir eru Garðar, Helga Ingibjörg, Anna María og Jófríður.

### Skálinn - framkvæmdir:

Búið er að sækja um þriggja fasa rafmagn, tengingin er klúbbnum að kostnaðarlausu. Búið er að fá gott tilboð frá Vélsmiðjunni í glugga upp á 270.000.- kr og varmadælu á 115.000.- kr þetta er fyrir utan vask. Stjórnin samþykkir tilboðið og að gjaldkeri fari í að leggja inn pöntun. Skoða þarf líka klæðningu á þessar 2 hliðar, vonumst við eftir að fá félagsmenn til að framkvæma viðhaldið á skálanum. Kostnaðaráætlun er um 1,000.000.- kr þá öll framkvæmdir.

### Völlur - tré:

Golfklúbbnum voru gefin nokkur tré úr lóð Rósu Guðmundsdóttur og Valdimars Ásgeirssonar, fyrirhugað er að setja þau niður á milli annarar flatar og áttunda teig karla þar sem hafa verið litlir runnar, einnig á níundu meðfram þar sem aspirnar eru en þær eru hálf líflausar. Ef það er eitthvað eftir þá á að setja þau bakvið 8. flötina fyrir ofan bönkerinn á fyrstu hægra megin.

Fundurinn samþykkir.

### Mótadagskrá ,fyrstu drög, nefndir:

Soffanías Cecilsson ætlar að styrkja mótarið GVG um 100.000 kr. Garðar setti upp grunn að mótaskrá hugmynd er að hafa fund með klúbbmeðlimum og kynna grunn að mótaskrá og fá fólk í mótanefnd. Fundur áætlaður í Sögumiðstöðinni 21. mars kl 16:00.

### Fundur stjórnar:

Setja þarf niður fundadagskrá fyrir árið, næsti fundur 17. mars kl 19.30.

### Önnur mál:

■ Félagsmönnum verður boðið að greiða félagsgjöld með því að leggja beint inn á reikning klúbbsins eins og síðasta ár, ógreidd félagsgjöld verða svo sett í innheimtu hjá banka. Samþykkt er að gjöld fyrir bíla í geymslu á vellinum verði 15.000 fyrir bensínbíla og 25.000 á rafmagnsbíla.

- Golfkennari í Borgarnesi hefur haft samband um kennslu í sumar það þarf að skoða það.
- Marta ætlar að gefa okkur verð í herminn. Garðar búinn að setja inn fyrirspurn um húsnæði undir hann hjá Grundarfjarðarbæ.
- Hermann og Freydís ætla að skoða það að taka inn golffatnað merktum GVG.
- Ráða þarf starfsmenn á völlinn, vonast er eftir að Valtýr geti aftur verið á vellinum og einnig Þórey og Steinunn í skála, fara þarf að semja við þau. Auk þessa væri óskandi fyrir klúbbinn að fá starfsmann frá atvinnutryggingasjóði eins og síðasta sumar.

Fundi slitið kl 20:50